

SSNV • Samtök sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra

Kt. 541292-2419. Pósthólf 130, 530 Hvammstangi. Sími: 451 2830. Fax: 451 2605

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 123/1453
komudagur 11. 3. '99

Hvammstanga 10. mars 1999

Málefni: Breyting á Skipulags- og byggingarlögum.

Á fundi stjórnar SSNV sem haldinn var 8. mars sl. voru tekið fyrir eftirfarandi erindi frá Alþingi þar sem óskað er umsagna um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur. Var eftirfarandi bókun gerð:

Erindi frá Alþingi:

1. Frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, mál 352, skipulag miðhálandisins.: Stjórn SSNV mótnælir harðlega framkomnu stjórnarfrumvarpi til laga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Með þeim breytingum sem kveðið er á um í frumvarpinu eru sveitarfélög sem liggja að miðhálandinu svipt áhrifum við skipulagningu miðhálandisins, en ýmsum óviðkomandi aðilum svo sem félagasamtökum falið meira vald og réttur til afskipta af skipulagsmálum en umræddum sveitarfélögum. Það er meginregla í skipulags- og byggingarlögum að skipulagsmál eru verkefni sveitarfélaga og verður ekki við annað unað en að sú meginregla gildi á miðhálandinu sem annarsstaðar.
- X 2. Frumvarp til laga um náttúruvernd., mál 528, heildarlög.: Ekki veitt umsögn um erindið, afgreiðslu frestað.
3. Þingsályktunartillaga um uppbyggðan veg yfir Kjöl, mál 255.: Stjórn SSNV mælir með samþykkt tillögunnar.
4. Frumvarp til laga um breytingu og lögum nr. 21/1992, um lánasjóð íslenskra námsmanna, mál 262.: Stjórn SSNV leggur til að allt láns hæft nám falli undir ákvæðið um lægra endurgreiðsluhlutfall, en ekki tilgreindar starfsstéttir. Að því breyttu leggur stjórnin til að frumvarpið verði samþykkt..

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst.
Fyrir hönd stjórnar SSNV

Bjarni Þór Einarsson, framkvæmdastjóri SSNV.